

Markmið Lerkistofu fyrir skólaárið 2016 - 2017

1. Að börnunum líði vel í leikskólaumhverfinu
2. Að efla félags- og hreyfiproska.
3. Að efla mál- og vitsmunaproska.

Leiðir að þessum markmiðum eru þessar:

1.

- Þátttökuaðlögun, þar sem foreldrarnir eru hvattir til þátttöku í starfinu á stofunni á meðan á aðlögun stendur. Foreldrar og börn kynnast kennurum og skipulagi skólans.
- Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar með þeim á gólfinu til að skapa nánd og traust milli kennara og barna og innan barnahópsins.
- Börnin læra smám saman hugtökin sem koma fyrir í dagskipulaginu eins og t.d. innri stofa, ávaxtastund, samverustund, útivera, útikennsla o.s.frv. Þau læra að fara á mismunandi svæði innan leikskólans eins og í Listaskála, Íþróttasal, Kubbasvæði og sameiginlega söngstund í sal.

2.

- Börnin læra að leika og starfa saman í hóp með mismunandi efnivið og verkefni sem ýta undir skapandi hugsun hvort sem er í frjálsum leik eða í skipulögðum stundum eins og t.d. í Íþróttum, Listaskála og útikennslu.
- Börnin læra almennar umgengis- og samskiptareglur sem gilda í samfélagi manna t.d. að virða rétt annarra, standa á sínu, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um umhverfið.
- Börnin eru hvött til að kanna umhverfi sitt inni sem úti og fá að reyna á eigin skinni að takast á við hindranir sem verða á vegi þeirra t.d. ójöfnur, brekkur, tröppur, stólar, eigin fatnað, ýmiskonar veður o.s.frv.

3.

- Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi frá upphafi dagsins til enda. Orð eru lögð á hluti og athafnir og lögð er áhersla á skýr fyrirmæli, hvatningu og hrós.
- Börnin vinna að þematengdum verkefnum sem tengjast starfsáætlun skólans t.d. að fræðast um árstíðirnar, nærsamfélagið, hefðir og hátíðir.
- Börnin læra í gegnum leik, söng, leikræna tjáningu, bækur, loðtöfluverkefni og umræður í samverustundum og öðrum daglegum stundum eins og matartímum, í forstofunni og á salerninu.
- Börnin fá sitt eigið nafnatákn og læra einföld tákn í íslensku táknmáli í daglegu starfi sem og í markvissum táknmálsstundum.

Áætlun um mat á markmiðum

Rökræðumat á deildarfundum um líðan og samskipti barnanna í leik og daglegum athöfnum sem og skráning í möppumat. Spurningakönnun til foreldra.